


# AÐLÖGUN

## SVEITARFÉLAGA

### AÐGERÐ C.10 Í BYGGÐAÁÆTLUN



Verkefnið „*Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga*“ (verkefni C.10 á byggðaáætlun) er loks að hefjast af fullum krafti innan þátttökusveitarfélaganna fimm. Því telur framkvæmdateymið tímabært að senda sérfræðingum verkefnisins og öðrum hagaðilum fréttabréf til að upplýsa um stöðu mála og næstu skref.

#### Til upprifjunar

Fyrir nokkru áttum við samtal við þig/ykkur þar sem verkefnið *Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga* (aðgerð C.10 í byggðaáætlun) var kynnt. Fimm íslensk sveitarfélög taka þátt í verkefninu sem er tímabundið tilraunaverkefni til tveggja ára. Markmið þess er að búa til aðgengilegan leiðarvísí fyrir íslensk sveitarfélög til mótnunar aðlögunaraðgerða og áætlana til þess að mæta áhrifum loftslagsbreytinga. Verkefnið er á ábyrgð umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis og eru framkvæmdaraðilar Byggðastofnun, skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun.


#### Ráðning á starfsmanni verkefnisins

Í júlí sl. var auglýst eftir starfsmanni í 100% stöðu sérfræðings við verkefnið til tveggja ára. Starfið verður hyst hjá Byggðastofnun sem staða sérfræðings á sviði loftslagsmála á þróunarsviði stofnunarinnar. Alls bárust 17 umsóknir og var Magnús Freyr Sigurkarlsson ráðinn. Magnús Freyr er með BSc og MSc gráðu í jarðfræði frá Háskóla Íslands þar sem megin viðfangsefni hans voru mælingar og kortlagningar á framhlaupsjöklum. Hann starfaði áður sem náttúrvársérfræðingur hjá Veðurstofu Ísland og sem sérfræðingur Umhverfisstofnunar með yfirumsjón yfir náttúruverndarsvæðum á Suðurlandi. Magnús býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á náttúrvá, náttúruvernd og jarðfræði Íslands, sem og reynslu í samskiptum við ríki, sveitarfélög, landeigendur og aðra er kemur að stefnumótun innan þessara málauflokka. Hann hefur í gegnum fyrri störf kynnst aðgerðum er snúa að aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga, endurheimt vistkerfa, markmiðum um kolefnishlutleysi og hringrásarhagkerfi.

Magnús Freyr hefur störf hjá Byggðastofnun 1. nóvember og mun þá koma inn í verkefnið af fullum krafti.

#### Þátttökusveitarfélögin fimm

Framkvæmdateymi verkefnisins hefur átt fjarfund með fulltrúum þeirra fimm sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Um er að ræða sveitarfélögin Akureyrarbæ, Fjallabyggð, Reykjanesbæ, Reykhólahrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð, sem valin voru af framkvæmdateymi verkefnisins í lok síðasta árs úr hópi sveitarfélaga sem óskuðu eftir þátttöku. Í hverju þátttökusveitarfélagi hefur nú verið skilgreint hvaða loftslagsógn verði skoðuð og hvaða nálgun tekin. Ljóst er að um er að ræða fjölbreyttar áskoranir innan allra sveitarfélaganna sem snerta á ýmsum þáttum samfélagsins, ýmist nú eða til framtíðar, s.s. efnahag, atvinnulíf og uppbyggingu þess, uppbyggingu og viðhaldi innviða, skipulagsmálum, lýðheilsu, byggðaþróun, o.s.frv. Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir þátttökusveitarfélögin og þá áhættuþætti sem skoðaðir verða.



Mynd 1. Þátttökusveitarfélöginn fimm og þær loftslagsógnir sem skoðaðar verða.

### Fyrstu vinnustofur innan þátttökusveitarfélaganna

Í kjölfar undirbúningsfunda með sveitarfélögum fimm er nú verið að skipuleggja vinnustofur innan hvers sveitarfélags. Um er að ræða lokaðar vinnustofur þar sem þeim starfsmönnum sveitarfélaganna, sem hafa snertifleti við umræddar loftslagsógnir, fulltrúum atvinnugreina og öðrum viðeigandi aðilum innan hvers sveitarfélags verður boðin þátttaka. Markmiðið er að kortleggja fyrri atburði og breytingar sem orðið hafa undanfarin ár og áratugi innan sveitarfélaganna sem tengja má við þá loftslagsógn sem um ræðir. Rýnt verður í viðbrögð við fyrri atburðum og þær aðgerðir sem gripið var til í kjölfarið. Eins verður rýnt í möguleg áhrif frekari breytinga og atburða í framtíðinni á alla helstu þætti samfélagsins. Niðurstöður vinnustofanna munu nýtast sem innlegg í áhættuskimun innan hvers sveitarfélags. Lagt er upp með að í lok verkefnisins verði til aðferðafræði sem íslensk sveitarfélög geti notað til þess að meta sjálf þá áhættu sem fólgin er í þeim loftslagsónum sem þau standa frammi fyrir.

Vinnustofurnar fara fram í **nóvember nk.** og munu fyrirfram skilgreindir aðilar fá boð um þátttöku á næstu dögum. Hafið þið áhuga á að taka þátt í vinnunni framundan í einhverju af umræddum sveitarfélögum hvetjum við ykkur til að hafa samband við verkefnistjóra. Einnig væri gott að heyra frá ykkur ef þið komið að yfirstandandi verkefnum sem tengjast sveitarfélögum fimm.

Hugmyndin er að á síðari stigum verkefnisins verði haldin önnur vinnustofa innan hvers sveitarfélags þar sem meiri áhersla verður lögð á aðgerðir til framtíðar.

### Útgáfa skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar í október

Þann 18. október næstkomandi boðar Vísindanefnd um loftslagsbreytingar til blaðamannafundar í Gróska vegna fjórðu samantektarskýrslu nefndarinnar: Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi. Fundurinn stendur frá 08:00-10:30 og verður í beinu streymi auk þess sem hægt verður að skrá sig á staðfund. Frekari upplýsingar verða birtar á vef Veðurstofunnar á næstu dögum.

### Tillaga stýrihóps fyrir Landsáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum

Í lok september gaf umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið út tillögu stýrihóps fyrir [Landsáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum](#) undir heitinu *Loftslagsþolið Ísland*. Þar segir m.a. um aðgerð C.10: „*Gera má ráð fyrir að aðgerðin gagnist við útfærslu aðlögunar á sveitarfélagsstigi og stöðumats vegna hennar undir landsáætlun.*“ Enn fremur leggur stýrihópurinn til „*að sveitarfélögum verði gert skilt að greina aðlögunarbörf sína og móta og innleiða aðlögunaraðgerðir eins og við á, skv. þeim leiðarvísi sem kemur út úr C.10-verkefninu.*“